

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 25. febrúar 2020.

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar, Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands, Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu og Dana Rán Jónsdóttir (DRJ) umsýsluaðili Sprotasjóðs.

Björk setti fundinn kl. 9:00 og Dana var fundarritari.

Önnur lota í yfirferð umsókna

Klárað var að fara yfir síðustu umsóknir sem lágu fyrir og úthlutunarfé hvernar umsóknar var ákveðið. Í framhaldi af því mun umsýsluaðili skrifa svarbréf til umsækjenda og senda út.

Fjöldi umsókna og ráð til þess að fjölga þeim

Talað var um hvers vegna svona fáar umsóknir komu inn til Sprotasjóðs í ár. Áherslusviðin eru talin vera í lagi. Aukin áhersla á samstarf milli skóla virtist vera vefjast fyrir fólki og er talin líkleg orsök þess að færri sóttu um.

Stjórnin telur mikilvægt að sjóðurinn vinni í því að bæta upplýsingaflæði og leiðbeiningar til umsækjenda. Sú hugmynd kom upp að veita fólki leiðbeiningu um hvernig skal skrifa umsókn og kynna betur hvað felst í því að vera verkefnastjóri og hvaða ábyrgð slík staða felur í sér.

Rætt var um þann möguleika að gera tillögu að breytingum varðandi hvaða þætti Sprotasjóður getur styrkt.

Samstilling sjóða

Einnig var rætt um þann möguleika að samstilla Sprotasjóð við aðra sjóði, þ.e. að hægt sé að sækja um í mörgum sjóðum í einu með einni umsókn. Oft er raunin sú að sótt er um ákveðin þátt sem Sprotasjóður styrkir ekki en hægt er að sækja um í annan sjóð.

Lagt var til að stjórn Sprotasjóðs hafi frumkvæði að því að setjast niður með stjórnnum hinna sjóðanna og ræða þann möguleika að samstilla sjóðina. Með því er hægt að efla starfsþróun og þróun skólstarfs í samfélaginu.

AMG ætlar að taka til yfirlit yfir sjóðina til þess að stjórnin hafi betri yfirsýn.

Stjórn Sprotasjóðs mun hittast fyrstu vikuna í apríl til þess að undirbúa betur hvernig tillagan skal sett fram fyrir hina sjóðina.

Fundi slitið kl. 13:50